



CEN/CENELEC Leiðarvísir 17

Leiðbeiningar um gerð staðla með hliðsjón af þörfum örfyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF)

Ákvörðun um að samþykkja þennan nýja CEN-CENELEC leiðarvísi 17 var tekin með ályktunum tækniráðs CEN nr. C046 frá 2010-06-04 og tækniráðs CENELEC nr. D137/C059 frá 2010-06-01.

1., útgáfa / júní 2010



Staðlasamtök Evrópu	Rafstaðlasamtök Evrópu
---------------------	------------------------

Avenue Marnixlaan 17
B-1000 Brussels

Sími: +32255008 11
Bréfsími: +322 550 08 19

Sími: +3225196871
Bréfsími: +32251969 19

www.cen.eu

www.cenelec.eu

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	5
1 Umfang	6
2 Tilvísanir í staðla	6
3 Hugtök og skilgreiningar	6
5 Umhugsunarefni í staðlaþróunarferlinu	7
5.1 Almenn	7
5.2 Undirbúningur nýs staðlaverkefnis.....	8
5.2.1 Þýðing fyrir markaðinn	8
5.2.2 Hagsmunaaðilar	8
5.3 Málafni sem huga þarf að við undirbúning staðals	8
5.3.1 Kostnaðarhagkvæmni innleiðingar staðals fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	8
5.3.2 Aðgengileiki þátta	9
5.4 Þróun á innihaldi staðalsins.....	9
5.4.1 Árangursnálgun	9
5.4.2 Inngangur	9
5.4.3 Umfang og gildissvið	10
5.4.4 Prófanir	10
5.4.5 Sannprófunaraðferðir	10
5.5 Uppbygging og framsetning innihaldsins	10
5.5.1 Lengd	10
5.5.2 Uppbygging	11
5.5.3 Framsetning og myndefni	11
5.5.4 Skýrt málfar	12
5.5.5 Tilvísanir	13
5.5.6 Endurskoðun	13
5.6 Lokayfirferð	13
5.6.1 Aðlögunartími	13
5.6.2 Stuðningur og aðstoð við innleiðingu	14
6 Gátlisti	15
Ritaskrá	16

Formáli

Skjal þetta (CEN/CLC leiðarvísir 17) var tekið saman af vinnuhópi tækniráðanna, CEN/CLC BT WG 208, „Leiðbeiningar um þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja“ en skrifstofa vinnuhópsins var á vegum Normapme.

Í leiðarvísi þessum er sett fram kynning, ráðgjöf og tilmæli til staðlahöfunda um það hvernig skuli tekið mið af þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í skjalinu er fjallað um þau mál sem hafa þarf í huga meðan á vinnu stendur við samningu staðla.

Inngangur

Örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) kunna að eiga sér fáa málsvara í staðlanefndum og vinnuhópum og því er hugsanlegt að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna þeirra. Að auki kann kostnaður við innleiðingu sumra staðla að vera tiltölulega mikill og einkum kann að vera of kostnaðarsamt og flókið að innleiða staðla, sem lúta að framleiðslu í stórum stíl eða fjöldaframleiðslu, í sumum smærri fyrirtækjum.

Tilgangurinn með leiðarvísi þessum er að auka vitund um þau málefni sem kunna að vera mikilvæg fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki við staðlagerð og taka á þeim vanda að of lítið tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra við samningu staðla.

Lítill og meðalstór fyrirtæki finnast í flestum atvinnugreinum. Eins og aðrir notendur, njóta lítil og meðalstór fyrirtæki hags af tækniþekkingunni í stöðlum þótt þau hafi ef til vill ekki komið að gerð þeirra. Engu að síður kunna þau að standa höllum fæti á vöru- og þjónustumörkuðum sínum vegna þess að þau eru háð stærri samkeppnisaðilum, birgjum eða viðskiptavinum. Þau kunna einnig að þurfa að laga sig að þeim lausnum sem fyrir hendi eru á markaðinum og að Evrópustöðlum. Af þeim sökum þarf að beina sérstakri athygli að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og sér í lagi örfyrirtækja, sem hugsanlegra notenda staðla.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru meira en 99% fyrirtækja í Evrópu. Í 92% fyrirtækja starfa færri en 10 starfsmenn og auðlindir eru takmarkaðar. Með því að huga að þörfum þeirra er hugsanlegt að auka notkun staðla verulega. Ennfremur, ef tekið væri meira tillit til sjónarmiða lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefði það umtalsverðan ávinning í för með sér fyrir alla hagsmunaaðila staðlagerðar.

1 Umfang

Í leiðarvísi þessum eru veittar leiðbeiningar fyrir þá sem semja Evrópustaðla varðandi örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki í því skyni að koma í veg fyrir útilokun lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá markaðinum og röskun á samkeppni.

Leiðarvísir þessi á erindi við alla sem koma að staðlagerð, þ.e. staðlahöfunda í vinnuhópum eða tækninefndum, svo og nefndarmenn í landsbundnum spegilnefndum. Ekki er víst að allar meginreglurnar sem settar eru fram í leiðarvísi þessum gildi um alla staðla. Því eru tækninefndir og vinnuhópar bestu vettvangurinn til þess að meta hvort og hvernig skuli takast á við sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja í þeim stöðlum sem verið er að semja.

Í leiðarvísi þessum er að finna:

- a) umfjöllun um samningu staðla sem best eru lagaðir að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- b) aðferðir til þess að koma auga á og meta þau ákvæði staðla sem kunna að hafa sérstaka þýðingu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki,
- c) leiðir til þess að draga úr neikvæðum áhrifum tiltekinna ákvæða í stöðlum á lítil og meðalstór fyrirtæki,
- d) leiðbeiningar um gerð staðla sem henta litlum og meðalstórum fyrirtækjum,
- e) gátlista fyrir leiðarvísinn,
- f) upplýsingar um hvernig meta skuli áhrif nýrra staðla á örfyrirtæki.

ATHUGASEMD Í leiðarvísi þessum tekur orðið „staðall“ til allra tegunda normskjala sem CEN og CENELEC gefa út.

2 Tilvísanir í staðla

Eftirfarandi skjöl, sem vísað er til, er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar við notkun þessa skjals. Þegar tilvísanir eru dagsettar gildir einungis sú útgáfa sem vísað er til. Ef tilvísanir eru ódagsettar gildir nýjasta útgáfa viðkomandi skjals (með breytingum, þar sem við á).

CEN/CENELEC Internal Regulations - Part 3: Rules for the structure and drafting of CEN/CENELEC Publications (ISO/IEC Directives - Part 2, modified) - 2009-08 corrected version

3 Hugtök og skilgreiningar

Í leiðarvísi þessum gilda eftirfarandi hugtök og skilgreiningar.

ATHUGASEMD Í leiðarvísi þessum er hugtakið „lítið og meðalstórt fyrirtæki“ notað um örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, svo og um sjálfstætt starfandi einstaklinga.

3.1

örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF)

fyrirtæki þar sem starfa færri en 250 einstaklingar og þar sem ársvelta er ekki umfram 50 milljónir evra og/eða niðurstöðutala árlegs efnahagsreiknings er ekki umfram 43 milljónir evra

[2003/361/EC: Commission recommendation C(2003) 1422]

3.2

lítið fyrirtæki

fyrirtæki þar sem starfa færri en 50 einstaklingar og þar sem ársvelta og/eða niðurstöðutala árlegs efnahagsreiknings er ekki umfram 10 milljónir evra

[2003/361/EC: Commission recommendation C(2003) 1422]

3.3

örfyrirtæki

fyrirtæki þar sem starfa færri en 10 einstaklingar og þar sem ársvelta og/eða niðurstöðutala árlegs efnahagsreiknings er ekki umfram 2 milljónir evra

[2003/361/EC: Commission recommendation C(2003) 1422]

3.4

staðlahöfundur

einstaklingur sem tekur þátt í þróun staðla

3.5

leiðarvísir

skjal gefið út af CEN eða CENELEC þar sem settar eru fram reglur, leiðarljós, ráðgjöf eða tilmæli sem varða evrópska staðlagerð

Almenn atriði

Staðlahöfundar ættu að tryggja að staðlar séu skiljanlegir þeim sem þurfa að lesa þá. Aðstæður staðlanotenda kunna að vera mismunandi eftir notkun, atvinnugrein eða tegund staðals.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru með svipuð viðskiptalíkön og aðrir hugsanlegir markhópar staðla, en stundum einnig mjög ólík viðskiptalíkön. Þar sem lítill og meðalstór fyrirtæki starfa í nánast öllum atvinnugreinum þarf að beina sérstakri athygli að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og sér í lagi örfyrirtækja, sem hugsanlegra notenda staðla. Til að mynda ber að hafa hugfast að ráðgjafar, vottunaraðilar og prófunar- og rannsóknarstofur kunna að hafa hagsmuni sem frábrugðnir eru hagsmunum fyrirtækja sem framleiða eða dreifa tilteknum vörum eða veita tiltekna þjónustu. Því þarf að ígrunda vandlega hagsmuni allra þessara aðila.

5 Umhugsunarefni í staðlaþróunarferlinu

5.1 Almennt

Hér á eftir eru settir fram nokkrir þættir staðlagerðar sem hafa sérstakt vægi fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki. Þetta er ekki tæmandi upptalning og til stuðnings má vísa til almennari eða sértækari meginreglna sem varða þarfir staðlanotenda sem settar eru fram í öðrum skjölum (t.d. IFAN Guide 3: 2008, *Guidelines to assist members of standards committees in preparing user-oriented European Standards*).

Þar sem erfitt kann að vera fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki, og sérstaklega örfyrirtæki, að koma með beinum hætti að ferlinu ætti samráð um þarfir og/eða hagsmuni lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrst og fremst að fara fram með milligöngu samtaka þeirra og/eða atvinnugreinasamtaka.

5.2 Undirbúningur nýs staðlaverkefnis

5.2.1 Þýðing fyrir markaðinn

Kannið þýðingu staðalsins fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki í Evrópu.

Áður en tillaga er gerð um nýtt staðlaverkefni ætti sá sem tillöguna gerir að meta þörfina á Evrópustaðli. Hafa ætti samráð við alla hugsanlega hagsmunaaðila til þess að meta þörf þeirra eða áhuga á fyrirhuguðum staðli.

Í tillögum um ný staðlaverkefni skal markaðsþörfin tilgreind með skýrum hætti, svo og gildi þeirra fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki. Varðandi CEN, sjá CEN-eyðublöð A og N. Varðandi CLC í beiðni tækninefndar til BT um að hefja nýja vinnu (tillaga um nýtt staðlaverkefni).

Mikilvægt er að Evrópustaðlar hafi markaðsgildi og að þeir endurspegli þarfir allra hagsmunaaðila, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Mikilvægt er að setning Evrópustaðla um tiltekið mál sé nauðsynleg og til góðs fyrir meiri hluta fyrirtækja sem kynnu að verða fyrir áhrifum af staðlinum.

5.2.2 Hagsmunaaðilar

Kannið meðal hagsmunaaðila hvort um sé að ræða sérþarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Þegar nýtt staðlaverkefni er undirbúið skal greina hagsmunaaðila af öllum toga og eiga við þá samráð til þess að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða fulltrúum þeirra tækifæri til þátttöku í stöðlunarvinnunni.

Huga skal að sérstökum þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja við þróun og samningu staðla, svo og að þörfum allra markhópa hins endanlega staðals.

5.3 Málefni sem huga þarf að við undirbúning staðals

5.3.1 Kostnaðarhagkvæmni innleiðingar staðals fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki

Hugið að kostnaði af fjárfestingu og þjálfun sem þörf er á til þess að innleiða staðal.

Huga ætti að kostnaði við innleiðingu staðalsins áður en sett eru í hann ákvæði eða kröfur sem hugsanlega eru ekki kostnaðarhagkvæm við allar aðstæður. Með hliðsjón af því að í evrópskum fyrirtækjum starfa að meðaltali sex starfsmenn ætti að huga sérstaklega að örfyrirtækjum.

- Afleiðingar af breytingum á tækni,
- kostnaður af nýjum tækjakaupum,
- kostnaður af þjálfun,
- kostnaður af prófun,
- kostnaður af ráðningu ráðgjafa.

Staðlahöfundar ættu alltaf að íhuga hvort unnt sé að fylgja kröfunum án þess að leggja óhóflegar og/eða óþarfar hömlur á lítill og meðalstór fyrirtæki. Ekki ætti að innleiða með neinum staðli hindranir við nýsköpun á vörum, þjónustu eða ferlum.

Ennfremur ætti að gefa sérstakan gaum aðstæðum þar sem um er að ræða minna umfang framleiðslu eða starfsemi. Staðlar ættu ekki að hamla sveigjanleikanum og fjölbæfninni sem oft eru einkenni á viðskiptalíkönum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

5.3.2 Aðgengileiki þátta

Íhugið aðgengileika þeirra þátta sem þörf er á.

Staðlar skulu alltaf taka mið af nýjustu þróun (sjá *CEN/CENELEC Internal Regulations*, – 3. hluta). Hins vegar skulu allir þeir þættir sem þörf er á til þess að mæta tiltekinni kröfu vera tiltækir á markaði, t.d. að því er varðar tækni, vörur, prófunarbúnað, prófunarstofur, hugverkarétt o.s.frv. Þannig þarf að ganga úr skugga um stöðu framboðs þegar unnið er að gerð nýs eða endurskoðaðs staðals. Þessar athuganir ættu einnig að taka til framboðs á innanlandsmarkaði, sem er mikilvægari örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum.

5.4 Þróun á innihaldi staðalsins

5.4.1 Árangursnálgun¹

Bætið skilning og notkun staðalsins með því að bæta við dæmum og útskýringum.

Varðandi árangursnálgunina: "Þegar unnt er, skal setja fram kröfur með tilliti til árangurs fremur en hönnunar eða lýsandi eiginleika. Þessi nálgun veitir hámarksfrelsi til tæknilegrar þróunar. Einkum skal taka með þá eiginleika sem til þess eru fallnir að hljóta alþjóðlegt (almennt) samþykki. Þar sem þess er þörf, vegna mismunandi löggjafar, veðurfars, umhverfis, efnahags, félagslegra aðstæðna, viðskiptamynstra o.s.frv., má benda á mismunandi valkosti" (texti úr *CEN/CENELEC Internal Regulations - Part 3: Rules for the structure and drafting of CEN/CENELEC Publications*, 4.2).

Árangursnálgunin veitir fyrirtækjum sveigjanleika og rúm til nýsköpunar. Staðlar ættu einnig að gegna hlutverki við miðlun grundvallarverkþekkingar. Árangursnálguninni verða hins vegar stundum að fylgja dæmi og skýringar til þess að staðallinn verði auðskiljanlegur örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum og auðvelt verði fyrir þau að innleiða hann.

Þetta má gera með upplýsandi hætti, t.a.m. með textum, myndum, línuritum eða töflum þar sem athyglinni er beint að einföldum innleiðingaraðferðum.

Slíkar upplýsingar mundu auðvelda og auka innleiðingu staðla af hálfu lítilla fyrirtækja og örfyrirtækja, sem kunna að eiga erfitt með að umbreyta hreinum árangurskröfum í raunhæfar lausnir (*CEN/CENELEC Internal Regulations* – 3. hluti).

5.4.2 Inngangur

Skrifið inngang með stuðningsupplýsingum.

Upplýsingarnar hér á eftir ætti að setja í innganginn og endurtaka þær í ágrípinu ef það er fyrir hendi.

Í öllum stöðlum ættu að vera upplýsingar um ástæður þess að staðallinn var saminn og/eða rökstuðning fyrir öllum breytingum eða endurskoðunum.

Tilgreina ætti þær tegundir viðskipta eða starfsemi sem staðallinn tekur til.

Ef staðallinn getur gilt um margar tegundir vöru eða þjónustu ætti eftir því sem unnt er að telja þær tegundir upp í kaflanum um gildissvið staðalsins.

Litlum og meðalstórum fyrirtækjum er ekki alltaf ljóst hvaða staðlar gilda um starfsemi þeirra; því ætti í skjalinu að tilgreina markhópana eftir því sem unnt er, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

¹ Enska: performance approach.

5.4.3 Umfang og gildissvið

Hafið staðla nákvæma og tæmandi innan gildissviðs þeirra.

Staðlahöfundar þurfa að greina þá markaði sem um ræðir og ganga úr skugga um hvort aðrir vörflokkar kunni að falla innan umfangs tiltekins staðals. Staðlar skulu hafa skýrt afmarkað gildissvið og innan marka þess gildissviðs ættu þeir að vera eins víðtækir og unnt er. Þetta þýðir að staðallinn ætti ekki að fjalla um málefni sem ekki eru skilgreind með skýrum hætti í gildissviðinu, en hann ætti að fjalla um allar hliðar þeirra atriða sem falla undir gildissvið staðalsins.

Lítill og meðalstór fyrirtæki sérhæfa sig oft á þröngu vöru- og þjónustusviði. Skilgreina þarf gildissviðið með þeim hætti að ljóst sé hvaða vörur og hvaða þjónusta falli innan þess.

5.4.4 Prófanir

Forðist að gera kröfur um kostnaðarsöm og flókin prófunarkerfi og hugið að tíðni prófana.

Prófanir sem krafist er til þess að uppfylla kröfur staðla fela oft í sér verulega fjárhagslega byrði fyrir litla framleiðendur. Þar má telja kostnað við mælingatæki, þjálfun starfsfólks og tímann og fjármunina sem prófanirnar kalla á. Lítil fyrirtæki framleiða yfirleitt ekki í miklu magni og vörur þeirra kunna að hafa sérstaka eiginleika. Ef gerðar eru kröfur um margar prófanir hækkar það verulega verðið á vöru þeirra.

Tekið skal fram að í stöðlum ætti ekki að gera kröfur um neinar ónauðsynlegar prófanir. Þ.e.a.s. að ganga ætti út frá því að ef vafi leikur á um það hvort tiltekin prófunaraðferð sé fullnægjandi eða nauðsynleg ætti ekki að bæta henni við það prófunarkerfi sem þegar er til staðar.

Staðlahöfundar ættu að kanna hverjir séu færir um að framkvæma tiltekna prófun og forðast eftir því sem unnt er að styðja prófun sem leiðir til eða styrkir einokunarstöðu eða markaðsráðandi stöðu.

5.4.5 Sannprófunaraðferðir

Finnið einfaldar og hagkvæmar leiðir til þess að sannprófa samræmi við kröfurnar.

Til þess að veita möguleika á sveigjanleika við sannprófun krafna ætti að taka til greina fleiri valkosti til mats þar sem mögulegt er, þ.m.t. reiknings- og töfluaðferðir.

Að auki þurfa staðlahöfundar að tryggja að niðurstöður prófana sem lýst er í stöðlum séu ótvíræðar. Bráðnauðsynlegt er fyrir litla framleiðendur að í stöðlum sé vísað til aðferða sem aðilar, sem að einhverju leyti eiga hagsmuna að gæta, geta ekki grafið undan.

5.5 Uppbygging og framsetning innihaldsins

5.5.1 Lengd

Staðlar ættu að vera eins stuttir og unnt er.



Ef staðall stefnir í að verða of umfangsmikill má reyna að skipta honum í hluta þannig að hann gildi um þrengra svið vöru, ferla eða þjónustu.

Þegar um lengri staðal er að ræða ættu höfundar að meta hvort gagnlegt væri að skipta honum í fleiri styttri og sérhæfðari staðla sem gilda um þrengra svið vöru, ferla eða þjónustu. Í slíku tilviki ætti staðlahöfundur að tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar séu veittar til þess að bæta skilning á staðlinum og að takmarka eða forðast millivísanir til annarra hluta staðalsins. Einnig gæti mjög skýr uppbygging staðalsins (kaflar, greinar og viðaukar um sérstaka tæknilega þætti) auðveldað lestur og skilning.

Lengd staðals getur verið háð tilgangi hans og viðfangsefni. Engu að síður geta langir staðlar fælt hugsanlega notendur þeirra frá því að lesa þá, einkum ef erfitt er að finna þær upplýsingar sem máli skipta. Langar málsgreinar og listar kunna að torvelda skilning á þeim ákvæðum sem mikilvæg eru.

5.5.2 Uppbygging

Staðlar ættu að vera eins skýrir, rökréttir og auðvelt að fara eftir þeim og unnt er.

Staðlar ættu að vera læsilegir fyrir þá sem þurfa að lesa þá. Þegar staðall er saminn er því nauðsynlegt að átta sig á hverjir markhóparnir eru til þess að laga staðalinn að þörfum hugsanlegra notenda hans.

Því ætti að hanna staðla á notendavænan hátt. Mikilvæg ákvæði ætti að draga fram og skýra að því marki sem unnt er, en að sama skapi ættu slíkir skýringarhlutar ekki að gera uppbyggingu skjalsins flóknari. Uppsetningu textans ætti, að því marki sem unnt er, að laga að tilgangi staðalsins og þörfum markhóps staðalsins.

Margir athafnamenn í smáfyrirtækjum hafa e.t.v. ekki tíma eða aðstöðu til þess að fara ítarlega í saumana á staðlinum. Þeir þurfa að geta fundið með auðveldum hætti upplýsingar sem þá varða. Ef kjarnahlutar staðla (sem innihalda helstu kröfur) eru hafðir sýnilegri getur það hvatt lítil fyrirtæki til þess að nota þá oftar.

5.5.3 Framsetning og myndefni

Setjið myndir, línurit, teikningar og lýsandi dæmi um notkun hvenær sem það er hægt.

Staðlahöfundar skulu skrifa staðla með þeim hætti að þeir séu eins auðlæsilegir og auðskiljanlegir og unnt er. Línurit, myndir, teikningar og skýringardæmi um notkun geta greitt verulega fyrir skilningi á staðli. Dæmin geta verið hluti af meginmálinu eða sett í viðauka. Þegar gefin eru dæmi ætti hins vegar að forðast að vísa til tiltekinnar vöru eða þjónustu.

5.5.4 Skýrt málfar

Notið málfar sem er nógu einfalt til að allir væntanlegir notendur staðalsins geti skilið það, ekki bara sérfræðingar.

Notendur staðla, sem búa yfir mismunandi hæfni, þekkingu og menntun, ættu að geta skilið þá hluta staðalsins sem þá varða. Jafnvel þótt stöðlum sé beint að starfsfólki sem hefur þekkingu á tilteknum vörum, ferlum eða þjónustu þarf engu að síður að rita þá með einföldu og skýru málfari þannig að þeir séu skiljanlegir staðlanotendum sem ekki hafa tekið beinan þátt í gerð þeirra.

Staðlar ættu að vera auðlæsilegir fyrir notendur. Litlum og meðalstórum fyrirtækjum ætti að gefa sérstakan gaum sem hugsanlegum notendum og því ætti að laga málfarið að rekstrarháttum þeirra ef þau eru meginmarkhópur staðalsins. Huga ætti að einföldu málfari þegar staðlar eru þýddir á aðrar þjóðtungur.

Ennfremur ætti ætíð að skýra allar skammstafanir og stuttnefni og ef eitthvert orðalag virðist flókið eða tvírætt er mælt með því að það sé skilgreint í kaflanum um hugtök og skilgreiningar.

Málfar

Höfundur skal nota ritstíl sem er skýr, beinskeyttur og ótvíræður. Dæmi:

- notið sagnir í framsöguhætti frekar en þolmynd,
- notið einföld og skiljanleg orð með merkingarinnihaldi,
- sýnið ákveðni með því að nota skipanir fremur en veikari form,
- notið sagnir sem tákna athafnir fremur en óhlutstæð nafnorð,
- ávarpið notendur beint fremur en að segja hvað þeir geti hugsanlega gert,
- notið lista þar sem við á,
- skilgreinið tæknileg hugtök og skammstafanir þar sem þau koma fyrst fyrir,
- notið hugtök með samræmdum og gegnumgangandi hætti í textanum.

5.5.5 Tilvísanir

Minnkið þörfina á að afla staðla sem vísað er til.

Til þess að auka notagildi staðla er rétt að taka upp stutta útdrætti úr öðrum stöðlum fremur en að vísa einfaldlega í þá. Þegar tekinn er texti úr öðru riti ætti ætíð að geta heimildar með skýrum hætti.

Öll normskjöl sem nauðsynleg eru til þess að beita staðlinum ættu að vera aðgengileg öllum þegar staðallinn er gefinn út.

Tilvísanir til normskjala í stöðlum eru gagnlegar þar sem þær koma í veg fyrir tvíverknað og gera kleift að halda samræmi þegar staðall er endurskoðaður. Hins vegar leiðir ofgnótt tilvísana til þess að notkun staðla verður flóknari.

5.5.6 Endurskoðun

Tryggið að skýrar upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu séu veittar í nýjum og endurskoðuðum stöðlum.

Mikilvægar tæknilegar breytingar skulu tilgreindar og ástæður fyrir endurskoðun staðals skulu gefnar í formála. Samkvæmt *CEN/CENELEC* Internal Regulations – 3. hluta, 6.1.3, "skal í hinum tilgreinda hluta [...] gefa yfirlýsingu um mikilvægar tæknilegar breytingar frá fyrri útgáfu skjalsins". Yfirlýsing þessi skal koma fram í formálanum.

Þetta er sérlega mikilvægt fyrir innleiðingu staðla af hálfu lítilla og meðalstórra fyrirtæki, þar sem smáfyrirtæki hafa hvorki tíma né aðstöðu til þess að fara vandlega í saumana á nýjum útgáfum staðla.

5.6 Lokayfirferð

5.6.1 Aðlögunartími

Leggið mat á áhrif breytinga sem nýir og endurskoðaðir staðlar hafa í för með sér og ákveðið aðlögunartíma samkvæmt því.

Umfang og flækjustig tæknilegra breytinga ætti að endurspeglast í lengd aðlögunartímans. Aðlögunartíminn ætti að taka mið af innleiðingarpörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að því er varðar CEN, sjá leiðbeiningarskjal CEN – Niðurfellingardagur. Að því er varðar CENELEC er niðurfellingardagur hluti af formlegu samþykktarferli tækniráðsins (BT).

Ef í Evrópustaðli er tekin upp alveg ný krafa eða lausn í einhverjum löndum ætti að lengja verulega þann tíma sem báðir staðlar gilda samtímis. Taka verður mið af nauðsyn þess að kaupa nýjan búnað, breyta skipulagi vinnu og þjálfa starfsfólk. Það er sérstaklega erfitt og kostnaðarsamt fyrir lítil fyrirtæki að breyta viðskiptalíkani sínu, einkum ef það gaf góða raun áður. Þau þurfa því aðstoð og verða að meta arðsemi þess að vera áfram á markaði. Það kann hins vegar að kalla á að staðlar gildi samhliða um einhvern tíma.

5.6.2 Stuðningur og aðstoð við innleiðingu

Kannið hvort þörf sé á aðstoð við innleiðingu staðla sem ekki er unnt að einfalda.

Á sumum flóknum stöðlunarsviðum, einkum við framkvæmd flókinnar löggjafar, kann að vera erfitt að einfalda staðla. Í slíkum tilvikum ættu staðlahöfundar að láta í ljós skoðun sína um þörfina á stuðningi og aðstoð við innleiðingu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, t.d. innleiðingarhandbók.

Staðlahöfundar kunna að taka þátt í gerð viðbótarleiðbeininga um innleiðingu, en meginhlutverk þeirra er að tryggja að eins auðvelt sé og mögulegt er að innleiða staðlana. Áform um að útbúa efni til þess að auðvelda innleiðingu ætti ekki að nota sem réttlætingu fyrir gerð flókinna staðla.

6 Gátlisti

Í töflunni hér að neðan eru tilmælin í leiðarvísi þessum sett fram í formi gátlista. Staðlahöfundum gæti fundist taflan gagnleg til þess að tryggja að tekið hafi verið tillit til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja við samningu nýs staðals eða endurskoðun gildandi staðals. Töfluna ber að lesa frá vinstri til hægri. Spurningarnar í tölusetnum liðum eru skýrðar með ítarlegum hætti í samsvarandi töluliðum 5. kafla leiðarvísisins.

Gátlisti

Undirbúningur nýs staðlaverkefnis	Undirbúningur staðals	Þróun innihaldsins	Uppbygging og framsetning innihaldsins	Lokayfirferð
<p>✓ (5.2.1) Hefur verið kannað hvort staðallinn hafi þýðingu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki?</p> <p>✓ (5.2.2) Hefur verið kannað meðal allra hagsmunaaðila hvort fyrir hendi séu sérþarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja?</p> <p>✓ (5.2.2) Var metið hvort lítill og meðalstór fyrirtæki séu meðal markhópanna?</p>	<p>✓ (5.3.1) Hefur fjárfestingarkostnaður verið metinn (tækni, búnaður, prófanir)?</p> <p>✓ (5.3.1) Hefur verið lagt mat á þjálfunarkostnað (starfslíðs)?</p> <p>✓ (5.3.1) Hefur verið lagt mat á kostnað af innleiðingu?</p> <p>✓ (5.3.2) Er sannreynt að allir þættir séu tiltækir?</p>	<p>✓ (5.4.1) Ef notuð var árangursnálgun, er hún þá skiljanleg?</p> <p>✓ (5.4.2) Eru notaðar lýsandi skýringar?</p> <p>✓ (5.4.3) Er staðallinn nákvæmur og tæmandi innan umfangs síns?</p> <p>✓ (5.4.4) Var forðast að kveða á um ströng prófunarferli?</p> <p>✓ (5.4.4) Hefur verið lagt mat á kostnað af prófunum?</p> <p>✓ (5.4.5) Er bent á einfaldar og hagkvæmar leiðir til þess að sannprófa samræmi við kröfurnar?</p>	<p>✓ (5.5.1) Er staðallinn eins stuttur og verið getur?</p> <p>✓ (5.5.1) Ef staðallinn er langur, voru þá kannaðir möguleikar á að skipta honum í styttri staðla?</p> <p>✓ (5.5.2) Er auðvelt að átta sig á uppbyggingu staðalsins?</p> <p>✓ (5.5.3) Eru myndir, línurit o.s.frv. til stuðnings (þar sem því verður við komið)?</p> <p>✓ (5.5.4) Er notað skýrt málfar sem er skiljanlegt öllum væntanlegum notendum staðalsins?</p> <p>✓ (5.5.5) Er fjöldi tilvitnaðra staðla í lágmarki?</p> <p>✓ (5.5.6) Eru veittar skýrar upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfum staðalsins?</p>	<p>✓ (5.6.1) Hefur tillaga verið gerð um aðlögunartíma þar sem mið er tekið af áhrifum breytinga?</p> <p>✓ (5.6.2) Hefur verið metin þörfin á innleiðingarhandbók?</p>

Ritaskrá

- [1] 2003/361/EC: Commission recommendation of 6 May 2003 concerning the definition of micro, small and medium-sized enterprises (Text with EEA relevance) (notified under document number C(2003) 1422) , OJ L 124, 20.5.2003, pp. 36-41, sjá hér:
<http://eur-lex.europa.eu/Notice.do?val=284986:cs&lang=en&list=284986:cs,284128:cs,&pos=1&page=1&nbl=2&pgs=10&hwords=&checktexte=checkbox&visu=#texte>
- [2] IFAN Guide 3:2008, Guidelines to assist members of standards committees in preparing useroriented European Standards, First edition, 2008-04, sjá hér:
http://www.ifan.org/ifanportal/livelink/fetch/2000/2035/36282/394607/publications/IFAN_Guide3-2008.pdf
- [3] CEN Guidance Document - *Date of withdrawal*, Version 2, March 2010, sjá hér:
<http://www.cen.eu/boss/supporting/Guidance%20documents/dow/Pages/default.aspx>